

HAFNARFJÖRÐUR

Velferðarráðuneyti,
b.t. Kristjáns Þórs Júlíussonar, heilbrigðisráðherra,
Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu
150 Reykjavík.

Hafnarfirði, 27. mars 2014
0702035 RE


Efni: Ný heilsugæslustöð í Hafnarfirði


Um mitt síðasta ár óskaði Hafnarfjarðarbær eftir viðræðum við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins varðandi uppbyggingu nýrrar heilsugæslustöðvar í Hafnarfirði sem yrði staðsett í Vallarhverfi. Tveir fundir voru haldnir með forsvarsmönnum Heilsugæslunnar og bæjaryfirvöldum í Hafnarfirði. Fyrri fundurinn var þann 13. júní 2013 og var niðurstaða fundarins að halda annan fund sem yrði upplýsingafundur og umrætt svæði skoðað. Seinni fundurinn var haldinn þann 12. september 2013 og var farið yfir helstu upplýsingar s.s. íbúafjölda á svæðinu, íbúapróun, mögulega staðsetningu nýrrar heilsugæslustöðvar o.fl.

Fram kom í máli forsvarsmanna Heilsugæslunnar að mikilvægt væri að taka frá lóð fyrir heilsugæslustöð á Völlum. Sennilega yrði um 10 lækna stöð að ræða sem þyrfti 1500m² húsnæði. Heilsugæslustöðin myndi þjóna íbúum á ört vaxandi svæði sem íbúasvæðið á Völlum er.

Jafnframt kom fram áhugi á að heilsugæslustöðin yrði í nágrenni við væntanlegt hjúkrunarheimli sem fyrirhugað er að risi á Völlum og væri sú staðsetning höfð í huga við hönnun hjúkrunarheimilisins. Niðurstaða fundarins var að tekin yrði frá lóð fyrir Heilsugæsluna og við hönnun hjúkrunarheimilisins yrði hugað að uppbyggingu heilsugæslustöðvar. Einnig var sammælt um að gerð yrði viljayfirlýsing um uppbyggingu stöðvarinnar.

Í framhaldi af ofangreindum samráðsfundum var tekin frá lóð fyrir heilsugæslustöð í nágrenni væntanlegs hjúkrunarheimilis, við hönnun á heimilinu var tekið tillit til þessara óska og samin voru drög að viljayfirlýsing sem send voru til forstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	28.3.2014
Málsnr:	0702035
Bréfal:	401-1



HAFNARFJÖRÐUR

Þær upplýsingar hafa nú borist frá forstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins að ekki sé grundvöllur til að skrifa undir umrædda viljayfirlýsingu. Málið hafi verið borið undir ráðuneyti heilbrigðismála sem sjái sér ekki fært að taka þetta skref.

Í ljósi þessa er hér með kallað eftir upplýsingum um framtíðarhugmyndir heilbrigðisráðuneytisins um uppbyggingu heilsugæsluþjónustu í Hafnarfirði.

Virðingarfyllt,


Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarstjóri

Afrit sent forstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins